# Strætó bs.

## Árshlutareikningur 30. júní 2017

Strætó bs.
Þönglabakka 4
Pósthólf 9140
129 Reykjavík

Kt. 500501-3160

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra........................................ 3

Rekstrarreikningur........................................ 4

Efnahagsreikningur........................................ 5

Sjóðstreymisyfirlit........................................ 7

Skýringar........................................ 8

# Skýrsla og áritun stjórnar

Árshlutareikningur 30. júní 2017, er hvorki kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Strætó er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

Rekstrarafgangur á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 var um 112,7 m.kr. Handbært fé í lok tímabilsins var um 995,5 m.kr.

Eigið fé í lok tímabilsins nam um 1.998 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárhlutfallið 69%, en vísað er að öðru leyti til skýringa í árshlutareikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó staðfesta hér með árshlutareikning Strætó 30. júní 2017 með undirskrift sinni.

18-Aug-17

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2017

| | Skýr. | Rauntölur 1.1-30.6 2017 | Rauntölur 1.1-30.6 2016 | Fjárhags-áætlun 1.1-30.6 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Fargjöld ........ | | 862.430 | 811.929 | 841.223 |
| Rekstrarframlög eignaraðila ........ | | 1.585.659 | 1.490.745 | 1.591.697 |
| Rikisframlag ........ | 14 | 444.780 | 444.780 | 444.780 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra........ | 2 | 779.009 | 777.703 | 791.746 |
| Aðrar tekjur ........ | 3 | 94.151 | 93.008 | 92.888 |
| | | 3.766.029 | 3.618.165 | 3.762.334 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Rekstrarsvið........ | 5 | 2.451.694 | 2.453.873 | 2.570.337 |
| Samrekstur........ | 6 | 338.958 | 335.590 | 364.163 |
| Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra........ | 2 | 779.009 | 777.703 | 791.745 |
| | | 3.569.662 | 3.567.166 | 3.726.245 |
| Rekstrarafkoma án afskrifta........ | | 196.367 | 50.999 | 36.089 |
| Afskriftir ........ | 7 | 96.618 | 97.860 | 105.237 |
| Rekstrarafkoma........ | | 99.750 | ( 46.861) | ( 69.148) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur........ | | 16.442 | 11.140 | 8.786 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur ........ | | ( 3.754) | ( 7.002) | ( 3.000) |
| | | 12.688 | 4.137 | 5.786 |
| Rekstrarniðurstaða........ | | 112.438 | ( 42.724) | ( 63.362) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2017

| | Skýr. | 30.6 2017 | 31.12 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Strætisvagnar og önnur ökutæki | | 1.221.734 | 1.293.142 |
| Fasteignir | | 98.681 | 100.499 |
| Innréttingar, áhöld og tæki | | 71.462 | 78.859 |
| Hugbúnaður | | 47.078 | 48.319 |
| Fastafjármunir | 7 | 1.438.954 | 1.520.819 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 8 | 106.824 | 92.102 |
| Viðskiptakröfur | 9 | 316.154 | 314.395 |
| Aðrar skammtímakröfur | 10 | 24.866 | 27.907 |
| Handbært fé | | 995.545 | 906.878 |
| Veltufjármunir | | 1.443.390 | 1.341.282 |
| Eignir samtals | | 2.882.344 | 2.862.100 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2017

| | Skýr. | 30.6 2017 | 31.12 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Framlag eigenda | | 900.018 | 900.018 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.098.433 | 985.995 |
| Eigið fé | 12 | 1.998.451 | 1.886.013 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | | 72.023 | 126.173 |
| Næsta árs afborganir | | ( 72.023) | ( 103.759) |
| Langtímaskuldir | 13 | 0 | 22.414 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 386.386 | 443.443 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 13 | 72.023 | 103.759 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 425.484 | 406.472 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 883.893 | 953.674 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 883.893 | 976.088 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 2.882.344 | 2.862.100 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2017

| | Skýr. | 1.1-30.6 2017 | 1.1-30.6 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 12 | 112.438 | ( 42.724) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 96.618 | 97.860 |
| Verðbætur og gengismunur | | 102 | 786 |
| Aðrir liðir | | 0 | 328 |
| Veltufé frá rekstri | | 209.157 | 56.250 |
| Breytingar rekstrartengda eigna og skulda: | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | | ( 14.722) | 3.204 |
| Skammtímakröfur, lækkun | | 1.282 | 148.161 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 38.045) | 46.115 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 51.486) | 197.480 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | 157.672 | 253.731 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | ( 14.753) | ( 57.890) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 0 | 1.620 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 14.753) | ( 56.270) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | | ( 54.252) | ( 53.462) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 54.252) | ( 53.462) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 88.667 | 143.998 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 906.878 | 514.203 |
| Handbært fé í lok ársins | | 995.545 | 658.202 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Strætó bs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við endurflokkun rekstrarliða.

### b. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

### c. Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok tímabils. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

### d. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

### e. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann myndast.

### f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

| | |
|---|---|
| Fasteign ........................................ | 50 ár |
| Strætisvagnar og önnur ökutæki ........................................ | 10-13 ár |
| Innréttingar, áhöld og tæki ........................................ | 3-10 ár |
| Hugbúnaður ........................................ | 4 ár |

### g. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir í lok tímabilsins eru metnar á innkaupsverði.

### h. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### i. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

### j. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 2. Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra

| Tekjur | 1.1-30.6 2017 | 1.1-30.6 2016 |
|---|---|---|
| Framlag sveitarfélaga | 748.916 | 748.648 |
| Fargjöld notenda | 30.093 | 29.055 |
| | 779.009 | 777.703 |

| Gjöld | | |
|---|---|---|
| Aðkeyptur akstur | 775.276 | 773.385 |
| Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri | 3.734 | 4.317 |
| | 779.009 | 777.703 |

Verktakar annast akstur en Strætó bs. endurkrefur aksturskostnaðinn að fullu hjá sveitarfélögunum.

### 3. Aðrar tekjur

| | 1.1-30.6 2017 | 1.1-30.6 2016 |
|---|---|---|
| Þóknun - akstursþjónusta | 39.225 | 38.538 |
| Þóknun - landsbyggðin | 49.208 | 48.255 |
| Aðrar tekjur | 5.717 | 6.215 |
| | 94.151 | 93.008 |

### 4. Laun og launatengd gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 931.385 | 906.126 |
| Launatengd gjöld | 214.409 | 215.304 |
| Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi | 0 | ( 4.196) |
| | 1.145.794 | 1.117.234 |

### 5. Rekstrarsvið

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 931.840 | 917.782 |
| Aðkeyptur akstur | 1.073.290 | 987.527 |
| Annar rekstrarkostnaður | 393.227 | 489.990 |
| Húsnæðiskostnaður | 53.337 | 58.573 |
| | 2.451.694 | 2.453.873 |

### 6. Samrekstur

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 210.220 | 195.134 |
| Annar rekstarkostnaður | 128.738 | 140.456 |
| | 338.958 | 335.590 |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Strætisvagnar og önnur ökutæki | Fasteignir | Innréttingar, áhöld og tæki | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2017 | 2.596.766 | 120.773 | 180.752 | 70.264 | 2.968.555 |
| Afskrifað áður | ( 1.303.624) | ( 20.274) | ( 101.893) | ( 21.945) | ( 1.447.736) |
| Bókfært verð 1.1 2017 | 1.293.142 | 100.499 | 78.859 | 48.319 | 1.520.819 |
| Viðbót á tímabilinu | 0 | 0 | 6.446 | 8.307 | 14.753 |
| Selt á tímabilinu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskrifað á tímabilinu | ( 71.408) | ( 1.818) | ( 13.843) | ( 9.548) | ( 96.618) |
| Bókfært verð 30.06.2017 | 1.221.734 | 98.681 | 71.461 | 47.078 | 1.438.954 |
| Afskriftahlutföll | 8-13% | 2% | 10-33% | 25% | |

## 8. Vörubirgðir

| | 1.1-30.6 2017 | 1.1-31.12 2016 |
|---|---|---|
| Olía | 17.352 | 17.424 |
| Varahlutir | 99.473 | 84.678 |
| Niðurfærsla birgða | ( 10.000) | ( 10.000) |
| | 106.824 | 92.102 |

## 9. Viðskiptakröfur

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptamenn | 240.285 | 250.323 |
| Viðskiptamenn - Ferðaþjónusta fyrir fatlaða | 16.378 | 16.733 |
| Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur | 66.891 | 54.739 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 7.400) | ( 7.400) |
| | 316.154 | 314.395 |

Viðskiptakröfur hafa verið niðurskrifaðar um tæplega 7,4 m.kr., sem nemur um 2,3% af viðskiptakröfum félagsins í lok tímabilsins.

## 10. Aðrar skammtímakröfur

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar | 20.880 | 22.732 |
| Endurgreiðsla virðisaukaskatts | 3.986 | 5.174 |
| | 24.866 | 27.907 |

# Skýringar, frh.:

## 11. Aðrar skammtímaskuldir

| | 1.1-30.6 2017 | 1.1-31.12 2016 |
|---|---|---|
| Áunnið ógreitt orlof | 123.246 | 122.299 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 143.285 | 129.899 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 158.954 | 154.274 |
| | 425.484 | 406.472 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | | Eiginfjárframlag rekstraraðila | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2017 | | 900.018 | 985.995 | 1.886.013 |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | | | 112.438 | 112.438 |
| Staða 30.06 2017 | | 900.018 | 1.098.433 | 1.998.451 |
| | Eignarhlutur | | | |
| Garðabær | 6,24% | 56.161 | 68.542 | 124.703 |
| Hafnarfjörður | 12,50% | 112.502 | 137.304 | 249.806 |
| Kópavogur | 14,60% | 131.403 | 160.371 | 291.774 |
| Mosfellsbær | 4,07% | 36.631 | 44.706 | 81.337 |
| Reykjavík | 60,30% | 542.711 | 662.355 | 1.205.066 |
| Seltjarnarnes | 2,29% | 20.610 | 25.154 | 45.765 |
| | 100,00% | 900.018 | 1.098.433 | 1.998.451 |

## 13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Vextir | |
|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt | 5,60% | 6.391 |
| Arionbanki hf., verðtryggt | 4,50% | 41.464 |
| Íslandsbanki hf., óverðtryggt | 7,30% | 24.168 |
| | | 72.023 |

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:

| | |
|---|---|
| 1.7.2017-30.06.2018 | 72.023 |
| | 72.023 |

## 14. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

## 15. Tengdir aðilar

*Skilgreining á tengdum aðilum*

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins:

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

## 16. Önnur mál

Höfðuð hafa verið tvö mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010.

Í fyrra málinu krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Ekki hefur verið færð upp skuldbinding í ársreikning vegna þessa máls þar sem veruleg óvissa er um fjárhæð skaðabótakröfu.

Í seinna málinu krafðist stefnandi skaðabóta að fjárhæð 530 m.kr. vegna meints fjártjóns í formi missis hagnaðar og kostnaðar við þátttöku í útboðinu. Dómur í málinu var kveðinn upp hinn 16. júní sl. Héraðsdómur taldi skilyrðum skaðabótaábyrgðar vera fullnægt í málinu en taldi ætlað fjártjón stefnanda vegna missis hagnaðar nema 100 m.kr. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar til endurskoðunar á niðurstöðu Héraðsdóms. Skuldbinding að fjárhæð 157 m.kr. vegna mögulegrar skaðabótagreiðslu ásamt dráttarvöxtum hefur verið færð meðal annarra skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Nokkrir rammasamningshafar í akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til Kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Hinn 21. júní sl. komst Kærunefnd útboðsmála að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskylt gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda. Niðurstaða kærunefndar er til skoðunar og verið er að meta hugsanlegt tjón kæruaðila.